



## Reglur um samstarfsverkefni – Heilsueflandi samfélag

Meginmarkmið heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinna sveitarfélög einnig að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Íbúar sem vilja koma á verkefnum í samræmi við markmið heilsueflandi samfélags geta sótt um samstarf við Þingeyjarsveit um framkvæmd verkefnanna.

### Miða skal við að verkefni sem um ræðir uppfylli eftirtalin skilyrði:

- Verkefnið stuðli að heilsueflingu íbúa, andlegri og/eða líkamlegri.
- Verkefnið tengist heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna
- Verkefnið eigi sér stað í sveitarfélaginu og sé sérstaklega sniðið að íbúum sveitarfélagsins
- Umsækjandi sé með lögheimili í Þingeyjarsveit
- 

Umsóknir um samstarfsverkefni fara fyrir næsta fund íþróttá-, tómsunda- og menningarnefndar. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um samstarfsverkefni.

Samþykkt á 23. fundi íþróttá-, tómsunda- og menningarnefndar þann 11.02. 2025

Staðfest á 56. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 27.02. 2025